

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Lækjarhlíðar vegna Lækjarhlíðar 3 í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Lækjarhlíðar vegna Lækjarhlíðar 3, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 27. apríl 2005.

Breytingin felst í að leikskólalóðin er stækkuð til suðurs að lóðinni Klapparhlíð 7 og til vesturs að göngustíg. Byggingarreitur á lóð er stækkaður til norðurs og vesturs og hluti af bindandi byggingarlínu er felld burt. Fyrirkomulagi bílstæða er breytt lítillega og gert ráð fyrir samnýtingu bílstæða á lóðum skóla, íþróttamiðstöðvar og leikskóla. Fjöldi bílastæða er 32. Stærð lóðar er 4539 m², nýtingarhlutfall er 0,25 og hámarkshæð húss er 6 m, ein hæð og ris.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 13. maí 2005

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.